

2 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Eyjólfss Þorleifssonar
18. jan. frá Múlakoti í Fljótshlíð“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 18. janúar 1937. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Eyjólfss Þorleifssonar smiðs frá Múlakoti í Fljótshlíð,
dáinn að Vestri-Geldingalæk hinn 1. janúar 1919.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Eyjólfss Þorleifssonar, og er stofnaður við andlát hans, samkvæmt hans eigin ráðstöfun.

Stofnfé sjóðsins var upphaflega 400 krónur, en var við árslok 1935 887 — átta hundruð áttatíu og sjö — krónur 23/100.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera sá, að styrkja fáteka sjúklinga á sjúkraskýlinu á Stórólfsbholvi, og skulu ganga fyrir nemendur á skylduvinnuskóla í Rangárvalla-sýslu, ef stofnaður yrði samkvæmt lögum nr. 28, 1936.

3. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af spítalanefnd sjúkraskýlisins á Stórólfsbholvi.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda bók yfir eignir hans, árlegar tekjur og gjöld og færa inn í hana ársreikning sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Sjóðsstjórnin haldi enn fremur gerðabók fyrir sjóðinn, og færi í hana skipulagsskrána, fundar-samþykktir, umsóknir um styrk og styrkveitingar, og ástæður fyrir þeim, og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins.

5. gr.

Endurskoðun ársreiknings sjóðsins skal framkvæmd af sýslunefnd Rangárvalla-sýslu, og reikningurinn framlagður á aðalfundi til úrskurðar.

6. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í þeim lánsstofnunum, sem hafa tryggingu ríkissjóðs. Vextir sjóðsins og aðrar tekjur sem honum kunna að áskotnast, leggist við höfuð-stólinn, þar til hann hefir náð þeirri upphæð, að ársvextir hans nema 120 krónum. Úr því má veita ársvextina, ef með þarf, þó aldrei meira en $\frac{3}{4}$ þeirra.

7. gr.

Að liðnum 50 árum má stjórn sjóðsins breyta skipulagsskrá hans í samræmi við breytta tíma, en þó skal sjóðurinn ætíð bera nafn Eyjólfss Þorleifssonar, og styrkja þá líknarstarfsemi, sem gert er ráð fyrir í þessari skipulagsskrá, enda fáið konung-leg staðfesting á sjálfri breytingunni.

8. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Björgvin Vigfússon.

Erlendur Þórðarson.